



Keldum, 22. febrúar 2005

SALMONELLA OG BANN VIÐ INNFLUTNINGI SKRIÐDÝRA

Ástæðan fyrir því að núverandi bann var sett hér á landi

Bann hefur verið við innflutningi skriðdýra á borð við skjaldbökur, slöngur og eðlur frá því snemma á 9. áratug síðusta aldar. Bannið byggði upprunalega á alvarlegum salmonella-tilfellum í fólki sem rekja mátti til þessara gæludýra. Í erindi sem Eggert Gunnarsson dýralæknir á Keldum flutti á haustfundi 1992 kom m.a. fram að tæpum áratug áður hafði komið upp sýking af völdum *Salmonella paratyphi* B (sem veldur taugaveikisbróður) á heimili í Reykjavík sem grunur lék á að rekja mætti til vatnaskjaldböku. Sú grunsemd reyndist á rökum reist og ræktaðist bakterían bæði úr vatni, fiskabúri og úr skjaldböku heimilisins. Við nánari rannsókn í gæludýra-verslunum í Reykjavík kom í ljós að í tveimur þeirra (þær voru ekki margar á þeim tíma) var mikil mengum með *Salmonella paratyphi* B í fiskabúrum verslananna og í skjaldbököm sem þær höfðu til sölu. Í þriðju versluninni fannst einnig *S. arizona*. Í framhaldi af þessu bárust alls 290 skjaldbökur til Keldna frá 183 heimilum víðs vegar af landinu. Alls fundust salmonellasýklar í skjaldbököm frá 55 þessara heimila (30%) sem skiptist þannig: *Salmonella paratyphi* B í skjaldbököm frá 42 heimilum (23%), *Salmonella arizona* frá 8 heimilum (4,4%) og aðrar salmonellategundir í skjaldbököm frá 5 heimilum (2,7%).

Nýleg reynsla af innflutningi

Innflutningur skriðdýra og ýmissa annarra framandi smádýra er alltaf öðru hvoru til skoðunar hjá embætti yfirdýralæknis og landbúnaðarráðuneytinu. Vinsældir skriðdýra sem gæludýra koma svoltið í bylgjum og eykst þá þrýstingur fyrir innflutningi og jafnframt fer að bera á smygli. Í byrjun árs 1997 ákvað embætti yfirdýralæknis að gera tilraun með að slá á svartamarkaðsbrask á eðlum sem þá náði nýjum hæðum og jafnframt að fá þetta allt upp á borðið. Þekktur ræktandi á Bretlandseyjum sagðist geta útvegað eðlur sem væri búið að losa við salmonellusmit og rækta þannig kynslóð eftir kynslóð. Verslun á höfuðborgarsvæðinu flutti inn um 420 eðlur (*Iguana* og *Leopard gecko*) og með þeim fylgdi vottorð undirritað af kollega okkar þar sem staðfest var að dýrin væru laus við salmonellu. Eftir 3 vikur í sóttkví voru tekin sýni til ræktunar og kom þá í ljós að öll sýni reyndust jákvæð með tilliti til *Salmonella typhimurium*. Þessi tilraun mistókst því með öllu og var dýrunum fargað og eytt.

Hvaða salmonellutegundir eiga í hlut?

Rannsóknir hafa leitt í ljós að allt að 94% þessara skriðdýra eru frískir smitberar salmonellu. Ótal undirtegundir bakteríunnar koma við sögu, s.s. *S. arizona*, *S. typhimurium*, *S. enteritidis*, *Salmonella paratyphi* B, *S. adelaide*, *S. bovis morbificans* og *S. newport* og eru þær allar súnur (zoonosis).

Reynsla annarra landa

Þegar skoðuð er reynsla nágrannaríkja okkar í þessum efnum kemur í ljós að þau hafa öll að mestu þurft að gefa eftir og heimilað innflutning þrátt fyrir mótmæli heilbrigðisstétta. Svíþjóð, Noregur og Finnland settu bann á slíkan innflutning í



kringum 1970 en um tveimur áratugum síðar var gefið eftir með innflutning, en þó með ákveðnum skilyrðum. Svíar gerðu tilraun með innflutningsleyfi sumarið 1987 með skilyrði um sýnatöku úr öllum dýrum. Á þeim tíma ræktaðist salmonella úr 15-20% dýranna en það sem verra var, á næstu 6 mánuðum komu upp 36 alvarleg salmonella-tilfelli sem rekja mátti beint til innfluttra skriðdýra og þar af var 21 barn sem smitaðist af skjaldbököm. Innflutningsbann var því sett að nýju í janúar 1988 og stóð það samfleytt til mars 1995 en þá gáfu fyrirvöld eftir í kjölfar mikils þrýstings frá gæludýrasamtökum. Á þessum tíma var smygl orðið gífurlega algengt og erfitt að fylgja banni eftir á landamærum. Noregur og Finnland voru þá búin að heimila þessi dýr en með skilyrði um sýnatökur, sem þau féllu svo frá vorið 1993 en gerðu í staðinn kröfur til seljanda um skriflegar upplýsingar um smithættu til kaupenda. Öll þessi lönd, og einnig Bandaríkin, eiga það sameiginlegt í dag að banna innflutning á vatna-skjaldbököm sem eru minni en 10 sm að lengd.

Viðbrögð heilbrigðisyfirvalda við innflutningi skriðdýra

Sem dæmi um þessi viðbrögð má vitna í sænska lækna eftir að þarlend yfirvöld heimiluðu innflutning á skriðdýrum í mars 1995. Strax ári síðar hafði salmonella-tilfellum fjölgað kröftuglega á meðal fólks og bar öllum niðurstöðum saman um að rekja mætti langflest þeirra til innfluttra skjaldbaka, eðla og slanga. Svo dæmi sé tekið var há tíðni *Salmonella enteritidis* í fólki mikið áhyggjuefni lækna á þessum tíma. Árið 1996 voru staðfest a.m.k. 58 tilfelli þar sem fólk hafði smitast af bakteríunni frá skjaldbököm og þar af voru 44 börn yngri en 15 ára sem veiktust hastarlega. *Salmonella enteritidis* var þetta sama ár staðfest í 22 alvarlegum tilfellum þar sem rekja mátti smit til eðla og slanga.

Niðurlag

Af ofansögðu má ráða að okkur sem dýralæknum ber að taka málið alvarlega og upplýsa fólk um ástæðu bannsins. Öðru hvoru koma upp þær raddir, ekki síst á meðal áhugafólks um gæludýr, hvort ekki beri að endurskoða afstöðu okkar. Því er til að svara að fylgst er með þróun þessara mála eftir bestu getu en eins og staðan er í dag væri óábyrgt að mæla með slíkum innflutningi, slíkt væri stílbrot miðað við ábyrga stefnu embættis yfirdýralæknis í baráttunni við salmonella í búfænaði hér á landi.

Þess skal getið að full heimild er fyrir innflutningi á froskum og salamöndrum, enda samsetning þarmaflóru þeirra með öðru sniði.

Virðingarfyllst;

Gísli Jónsson

Heimildir:

1. Eggert Gunnarsson: „Salmonella í búfé og villtum dýrum á Íslandi“. Erindi flutt á fræðsludegi um salmonella, 11. nóvember 1992.
2. Sænska dýralæknablaðið: 1995, tölublað 47.
3. Sænska læknaablaðið: 1997, tölublað 14.